

Leiðsögn – félag leiðsögumanna

Stjórnarfundur haldinn 4. júní 2024, klukkan 17:00.

Fundarstaður: Stórhöfði 29. Fundurinn er bæði stað-/ og fjarfundur.

Mættir á staðfund: Björn Júlíus Grímsson (BJG), Halldór Kolbeins (HK), Hildur Þöll Ágústsdóttir (HPÁ). Daði Hrólfsón (DH) kemur inn sem aðalmaður í stað Jens Ruminy (JR). Varamenn: Daníel Perez (DP) og Óskar Grímur Kristjánsson (ÓGK).

Á fjarfundi: Guðný Margrét Emilsdóttir (GME).

Fjarverandi: Guðbjörn Guðbjörnsson (GG) og Jens Ruminy (JR).

Formaður setur fund kl. 17:35 en erfiðleikar með fjarfundarbúnað gerðu það að verkum að setning fundar dróst um 30 mín.

Dagskrá:

1. Fundargerðir.
2. Siðareglur núverandi stjórnar.
3. Útgáfa / hönnun félagsskírteinis
4. Staða í kjaraviðræðum við SA / SAF og við VR
5. Önnur mál

1. Fundargerðir.

Rætt var um að formaður hefði beðið starfsmann Leiðsagnar að fjarlægja af vef Leiðsagnar fundargerðir sem áður höfðu verið birtar þar. Formaður gaf þá ástæðu að hann og stjórnin í heild hefðu ekki samþykkt umræddar fundargerðir áður en þær voru birtar á vefsíðunni. Einnig gerði hann athugasemdir við uppsetningu/format fundargerðanna. Ritari Leiðsagnar lýsti yfir óánægju sinni vegna þessara vinnubragða og lagði fram eftirfarandi bókun:

"Að formaður Leiðsagnar Halldór Kolbeins hafi farið langt út fyrir sitt umboð og valdsvið með þessum gjörningi sínum, að taka út samþykktar fundargerðir af heimasíðu félagsins. Að breyta innihaldi fundargerða gengur engan veginn upp. Stopp."

2. Siðareglur núverandi stjórnar

Formaður óskaði eftir álit stjórnarmanna á því hvort þeir væru samþykktir "Starfs- og siðareglum Leiðsagnar" sem fyrrverandi formaður Leiðsagnar hefði lagt fram á stjórnarfundum 18. desember 2023. Að lokinni umræðu um málið varð niðurstaðan sú að reglurnar teldust samþykktar.

3. Útgáfa / hönnun félagsskírteinis

Félagsskírteini fyrir félagsmenn var til umræðu og sýndi formaður eintak af hvernig væntanlegt félagsskírteini gæti litið út.

Auk þess að ræða útlit var rætt hvort allir félagsmenn Leiðsagnar ættu að fá félagsskírteini og þá hvernig kæmi fram hverjir væru með viðurkennt leiðsögunám að baki (CERTIFIED GUIDE).

Niðurstaða: Formaður mun kynna frekari útfærslu á félagsskírteini þegar hún liggur fyrir.

4. Staða í kjaraviðræðum við SA / SAF og hugsanleg sameingin við VR

GME gerði athugasemd við að formaður hefði ekki sent stjórnarmönnum greinargerð um málið fyrir fundinn svo þeir væru betur undirbúnir.

Umræða var síðan um hugsanlega sameiningu Leiðsagnar við VR, sem og hvort sameining væri hugsanleg við önnur stéttarfélög. Fram kom að VR hafi sýnt áhuga á að fá Leiðsögn í sínar raðir og væri nú þegar tilbúið að liðsinna félaginu.

Formaður upplýsti að kjaraviðræður hefðu lítið þokast áfram og að VR væri tilbúið að koma með félaginu inn í viðræðurnar. Formaður bar munnlega upp svohljóðandi tillögu til afgreiðslu og samþykktar:

VR mun taka við umsýslu skrifstofu Leiðsagnar, taka kjarabrotamálin að sér og koma af fullum krafti inn í kjaraviðræður Leiðsagnar.

Gengið var til atkvæðagreiðslu um tillöguna og samþykktu allir stjórnarmenn utan GME, sem sat hjá. Hún gaf þá skýringu á hjásetunni að hún teldi sig skorta upplýsingar og ætlaði að taka ákvörðun á trúnaðarráðsfundi sem áætlaður væri í næstu viku.

5. Önnur mál

a) Hildur Þöll ræddi um raunfærnimatið.

b) Formaður sagðist myndi tilkynna starfsmanni skrifstofu Leiðsagnar, Guðmundi Ásgeirssyni, uppsögn þann 5. júní 2024.

Fundi slitið kl. 18:55.